

Nd. 201. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á skilyrðum fyrir aukinni notkun raforku frá Ísafirði.

Flm.: Vilmundur Jónsson, Finnur Jónsson, Ásgeir Ásgeirsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta sérfræðinga sína rannsaka og gera grein fyrir því, hvort hagkvæmt sé, þannig að svari kostnaði, að leiða rafmagn frá orkuveri Ísafjarðarkaupstaðar til næstu þorpa: Bolungavíkur, Súðavíkur, Flateyrar og Suðureyrar, með hliðsjón af því, að orkan verði síðar aukin eftir því sem þörf krefur með viðbótarvirkjunum þar á þessum leiðum, sem skilyrði eru bezt.

Greinargerð.

Fyrir Ísafjörð og Eyrarhrepp (Hnífsdal) hefir nýlega verið reist rafmagnsstöð, 850 hestöfl að styrkleika, og má enn auka afl stöðvarinnar með ódýrum viðbótarvirkjunum upp í ca. 1400 hestöfl. Er það meira afl en notað verður af Ísafirði og Hnífsdal hin næstu ár. Liggur þá nærri, að athugað sé, hvort ekki svari kostnaði að leiða rafmagn frá Ísafirði til næstu þorpa, sem sé Bolungavíkur, Súðavíkur, Flateyrar og Suðureyrar, einkum með hliðsjón af því, að á þessum leiðum eru fallvötn, sem hagkvæm eru til virkjunar, og þá fyrst og fremst á leiðinni til Bolungavíkur, þar sem eru mjög góð skilyrði til að virkja allt að 800 hestöfl. En líklegt er, að alls megi á þessu svæði ná saman afli, sem nemur a. m. k. 3000 hestöflum.

Það er tilgangurinn með þessari þingsályktunartillögu, að rannsókn fari fram á þeim möguleikum, sem hér eru fyrir hendi til þess að sjá þessum byggðum fyrir nauðsynlegu rafmagni við hæfilegu verði.